

Matvælastofnun
Þór Gunnarsson
Austurvegur 64
800 SELFOSS

Garðabær, 19. maí 2014
2014050001/42-0
TB
jgo/tb

Skeldýrarækt í Hvammsfirði, umsögn

Vísað er til bréfs frá Matvælastofnun, dags. 2. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Nesskeljar ehf. um leyfi til kræklingaræktar á fjórum stöðum í Hvammsfirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins og gerir ekki athugasemd við að leyfi til kræklingaræktar verði veitt á þeim svæðum sem beðið er um. Rétt er að minna á að sótt hefur verið um fleiri svæði í firðinum fyrir kræklingarækt og óljóst er hvert heildar umfang kræklingaræktar í firðinum verður meðal annars m.t.t. hugsanlegrar mengunar vegna úrgangsefna.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

